

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Raufarhöfn



<b>Dags eftirlits</b>	24.9.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Aðalsteinn Árnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Hermannsson	<b>Staðsetning</b>	636270,877 665926,619

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit í stöðinni. Engar athugasemdir eru gerðar við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Komið var í eftirlit seint í september og allar aðstæður mjög ákjósanlegar. Fyrst var sest yfir rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Raufarhöfn, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ekki er gerð athugasemd við innra eftirlit, og skráningar á mánaðarblöð voru í lagi.

Tvær olíuskiljur eru í stöðinni og þjónustar önnur þró um birgðageyma en hin áfyllingarplan. Báðar skiljurnar voru prófaðar með olíuprófi Macherey Nagel og stóðust þær báðar olíuprófið. Ákveðið var að fá verktaka á staðinn til þess að þjónusta skiljurnar, en þær voru síðast þrífarnar í desember 2012.

Þrír geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2010.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Loki í frárennsli þróar stóð lokaður. Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir eru gerðar við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 15.10.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.